

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 27.—29. júní 1895.

Ár 1895, 27. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins í suðuramtinu settur og haldinn af forseta amtsráðsins, J. Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni (úr Vestur-Skaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), síra Valdimar Briem á Stóranúpi (úr Árnessýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra-Hálsi (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og síra Guðmundi prófasti Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Sem skrifari amtsráðsins var kosinn prófastur síra Guðmundur Helgason í Reykholti.

Forseti lagði fram tilkynningu sýslumannanna í Vestur-Skaptafellssýslu, Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu um kosningar amtsráðsmanna og vara-amtsráðsmanna í nefndum sýslum fyrir tímabilið frá 1. júní 1895 til 31. maí 1901 í stað þeirra, sem skyldu ganga úr ráðinu eftir framförnu hlutkesti á amtsráðsfundinum 21.—23. júní 1894 (Stjórnartíðindin B. 1894, bls. 90).

Kosnir höfðu verið:

### 1. Fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson	prófastur síra Bjarni Þórarinsson
á Kirkjubæ.	á Prestsbakka.

### 2. Árnessýsla.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
síra Valdimar Briem	prófastur síra Sæmundur Jónsson
á Stóra-Núpi.	í Hraungerði.

### 3. Borgarfjarðarsýsla.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
prófastur síra Guðm. Helgason	hjeraðslæknir Páll Blöndal
í Reykholti.	í Stafholtsey.

Enn fremur var lögð fram tilkynning um kosning á amtsráðsmanni í Rangárvallasýslu í stað amtmanns Páls Briem fyrir þann tíma, sem hann átti eftir að sitja í amtsráðinu (til 1. júní 1898), og hafði verið kosinn síra Skúli Skúlasón í Odda.

Amtsráðið fann ekki neitt við kosninguna að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Amtsráðið ályktaði, að leggja sýslumönnum fyrir að halda aðalfundi sýslunefndanna svo tímanlega eða svo snemma á ári hverju eptirleiðis, að allar afgreiðslur snertandi amtsráðið, reikningar og endurrit af gjörðabókum væru komín til forseta ráðsins fyrir aprilmánaðarlök ár hvert.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins 1894, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
3. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs suður-

amtsins fyrir 1894, og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Vestur-Skaptafellssýslu og úr Árnessýslu til endurskoðunar.

4. Þá var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1894, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
5. Forseti lagði þennan fremur fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs suðuramtsins (Eyjafjallahreppanna) fyrir 1894, og var hann falinn hinum sama til endurskoðunar.
6. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri frá 1. júlí 1894 til 1. júní 1895, og reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólahússins, sem nær til 20. maí þ. á.

Reikningarnir voru afhentir amtsráðsmönnunum úr Borgarfjarðarsýslu og Vestur-Skaptafellssýslu til endurskoðunar.

7. Forseti skýrði frá því, hvernig úrskurðum þeim hefði verið fullnægt, sem amtsráðið hafði á fundi sínum 21.—23. júní f. á. lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga Gullbringu- og Kjósarsýslu 1893 og Borgarfjarðarsýslu 1893 (sbr. Stjórnartíðindi B. 1894, bls. 94 og 95), en hinir sýslureikningarnir höfðu verið samþykktir án athugasemda.
8. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1894, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna og yfirfarnir af forseta amtsráðsins. Amtsráðið úrskurðaði reikningana á þessa leið:

- a. Reikningarnir úr Vestur-Skaptafellssýslu voru samþykktir án athugasemda.
- b. Við reikningana úr Vestmannaeyjasýslu fannst það að athuga, að skilríki eiga að liggja fyrir um upphæð sýslusjóðsgjaldsins, sem sje tala lausafjár- og jarðarhundraðanna og eptirrit af ályktun nefndarinnar um upphæð gjaldsins eða af áætluninni yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir 1894. — Reikningarnir samþykktir með þeirri athugasemd.
- c. Við reikningana úr Rangárvallasýslu var eigi annað að athuga, en að endurrit vantar af ályktun sýslunefndarinnar um upphæð niðurjöfnunar-gjaldsins, eða af áætluninni fyrir 1894.

Það væri æskilegt, að tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins væru talin á reikningi sjer, sem væri eins og eitt aðal-fylgiskjalið með sýsluvegareikningnum.

Reikningarnir voru samþykktir með þessari athugasemd.

- d. Við reikningana úr Árnessýslu fannst eigi annað að athuga, en að endurrit af áætluninni yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins 1894 vantar.

Reikningarnir voru samþykktir með þessari athugasemd.

- e. Við sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga Gullbringu- og Kjósarsýslu fannst að athuga:

Reikningunum fylgja eigi hin tyrirskipuðu fylgiskjöl eða skilagreindir fyrir sýslusjóðsgjaldinu og sýsluvegasjóðsgjaldinu, sem sýni, hve mikið

greitt sje af hverjum hreppi, og hvernig hver upphæð komi út. Svo **131**  
vantar kvittanir á ýmsa reikninga fyrir unnar vegabætur.

Enn fremur er æskilegt, að skilagreinin fylgi þeim gjaldliðum, sem fela í sjer margar útborganir, svo sem sjerstaklega greiðslur til yfirsetukvænna. Sýslumanni ber þar að auki að borga laun yfirsetukvænna frá 2. ágúst 1894 samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvænna 17. desbr. 1875, og gjöra grein fyrir því í næsta reikningi.

Endurrit af áætluninni um tekjur og gjöld sýslusjóðsins 1894 á að fylgja reikningnum.

Samkvæmt framanrituðu ályktaði amtsráðið að endursenda reikninginn til þess að bætt yrði úr þeim göllum, sem á honum eru, að því leyti er fylgiskjöl hans snertir, og var forseta falið að úrskurða hann fyrir hönd amtsráðsins.

- f. Við reikningana úr Borgarfjarðarsýslu hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar gjört nokkrar athugasemdir, sem amtsráðið úrskurðaði.
9. Fram voru lögð og yfirfarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefnda:
- a. Úr Vestur-Skaptafellssýslu frá 31. jan. til 1. febr. þ. á.
1. Amtsráðið samþykkti, að verja mætti 150 kr. af sýslusjóðsgjaldinu og 150 kr. af sýsluvegagjaldinu fyrir yfirstandandi ár til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík gegn 900 kr. úr landsjóði.
  2. Amtsráðið samþykkti einnig eptir sjerstökum tillögum sýslumanns, — en brjef hans í þessu tilliti til forseta, dags. 4. febr. þ. á., var framlagt, — að sýslunefndin mætti veita 100 kr. úr sýslusjóði til að byggja vörugeymsluhús í Vík, er verði eign fyrirhugaðs verzlunarfelags fyrir sýsluna, þó þannig, að sýslubúar almennt hafi rjett á, að fá þar, að því leyti mögulegt væri, geymslu fyrir þær vörur, sem fluttar eru í Vík með þeim gufubátum, sem sýslunefndin styrkir.
  3. Áætlunin um tekjur og gjöld sýslusjóðsins er miðuð við 1896, en í öllum öðrum sýslum er áætlunin gerð fyrir hið yfirstandandi ár eða á sama ári og gjaldið á að greiðast; gjaldið skyldi þá miðað við síðasta tíundaframtal.
- b. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 7. sept. f. á., 17. jan., 13. apríl og 24. maí þ. á.
- c. Úr Rangárvallasýslu frá 28. septbr. f. á. og 18. apríl þ. á.
- d. Úr Árnessýslu frá 17.—20. apríl þ. á. og 24. þ. m.
- Amtsráðið athugaði, að niðurfjöfnunarupphæðin væri 2000 kr., en samkvæmt 43. gr. tilskip. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi hefði að eins mátt jafna niður 1599 kr. 55 a. Amtsráðið vildi nú samþykkja þessa niðurfjöfnun í þetta sinn, en vildi jafnframt benda sýslunefndinni á það, að hún yrði að leita samþykkis amtsráðsins til þess, að jafna

131

niður á sýslubúa meiri útgjöldum, en svo að næmi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sýslunnar að meðaltölu um næstu 3 ár á undan.

Að því leyti, sem sýslunefndarmaðurinn í Grimsneshreppi hefði mót-mælt því, að nefndin hefði veitt styrk til þess að brúa Stóraós og Langholtsós, 30 kr. til hvors þeirra, þar sem þessir ósar væru ekki á sýsluvegi, en sýsluvegir að hinu leytinu ekki í góðu ásigkomulagi, ályktaði amtsráðið, að eptir 18. gr. laga, 13. apríl 1894, gæti ekki verið neitt á móti þessari fjárveiting, úr því ósarnir væru á hreppavegum, enda í ráði að gjöra veginn, þar sem ósarnir eru, að sýsluvegi.

e. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 14. nóvbr. f. á. og 21. og 22. þ. m.

Samþykktar voru fjárveitingar sýslunefndar til gufubátsferða á Faxaflóa.

f. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 12. nóvbr. f. á. og 11. og 12. maí þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði leyft að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi 1383 kr. 58 a., sem færi fram úr því, sem nefndin mætti jafna niður án samþykkis amtsráðsins samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi. Amtsráðið samþykkti þetta.

Amtsráðið samþykkti enn fremur, að sýslunefndin hefði veitt allt að 200 kr. úr sýslusjóði til gufubátsferða á Faxaflóa.

10. Lögð voru fram brjef sýslumanna í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, dagsett 24. og 26. þ. m., þar sem þeir tyrir hönd sýslunefndanna leita samþykkis amtsráðsins til þess að taka til láns 4000 kr. hvert sýslufjelagið, til þess aptur að lána þessar 8000 kr. Birni Þorlákssyni frá Mundaarnesi til að koma upp tóvinnuvjelum eða ullarverksmiðju. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessarar lántöku, þannig, að þeim skilmálum, sem sýslunefndirnar hafa sett Birni Þorlákssyni að því leyti er snertir trygging lánsins, yrði fullnægt.

11. Forseti skýrði frá því, að hann hefði álitid það rjettast, að hinar núgildandi reglugjörðir um sýsluvegi yrðu endurskoðaðar vegna hinna nýju vegalaga, 13. apríl 1894, sem öðludust gildi 2. ágúst sama ár, og hefði hann því skorad á sýslunefndirnar að láta uppi tillögur sínar hjer að lútandi; þær tillögur voru fram komnar, sem hjer koma:

a. Sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu leggur það til, að sú breyting verði gjörð á hinni núgildandi sýsluvegaskipun þar, að í stað vegarins »með fram Eldvatninu að Flögulóni, yfir Flögulón og út á Flöguvöll«, komi »yfir Eldvatnið í Stórahvammi og þaðan sem beinasta stefnu út í Flöguvöll«.

Í annan stað leggur nefndin það til, að í tölu sýsluvega bætist »vegur frá Núpum fram hjá Kerlingardal á póstleiðina að Vík«.

b. Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu leggur það til, að sýsluvegir þar í sýslu skuli vera þessir:

1. Vegurinn af póstveginum við Fossá yfir Reynivallaháls, Svínaskarð, Skeggjastaðaháls niður í Mosfellsdal og á póstveginum við Varmá.

2. Frá Elliðaárbrúum yfir Digranessháls að Kópavogi.
  3. Frá Reykjavíkurlandi yfir Kópavogsháls, og svo alla leið með sjö suður að Útskálum.
  4. Af Njarðvíkurfitjum út í Hafnir.
  5. At Njarðvíkurfitjum austur að sýslumörkum.
  6. Frá Hafnarfjarðarhrauni norðanverðu að Brekkuhliði.
  7. Vegurinn frá Melabergi í Miðneshreppi til Keflavíkur.
- Amtsráðið samþykkti allar hinar framangreindu tillögur.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði lýst því yfir, að eigi væri þörf á breytingum á sýsluvegunum í austurhlutu sýslunnar, en að því leyti er snertir sýsluvegaskipun fyrir vestan Ytri-Rangá (í Holtahreppi og Áshreppi) væri eigi hægt að taka nokkra ákvörðun, meðan eigi væri sagt fyrir um það, hvar þjóðvegurinn frá Þjórsárbrúnni að Ytri-Rangá yrði lagður.

Sýslunefndirnar í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu vildu eigi gjöra nokkra breytingu á hinn núgildandi sýsluvegaskipun, á meðan eigi væri ákveðið neitt um, hvar hinar fyrirhuguðu flutningabrautir um sýslurnar yrðu lagðar.

12. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 14. þ. m., þar sem hann skýrir frá tillögum sýslunefndarinnar um, hvar flutningabrautir skuli leggja um sýsluna, og fer þess á leit, að þær verði afgreiddar til landshöfðingja um leið og tillögur amtsráðsins hjer að lútandi yrðu sendar honum, með þeirri ósk, að hann ákvæði sem fyrst, hvar flutningabrautir þessar skyldu lagðar um Árnessýslu.

Amtsráðið skildi svo ákvæði 4. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, að rjettast væri að biða með þetta, þangað til landshöfðingi heimtaði álit amtsráðs og sýslunefnda, og mundi nauðsynlegt að hafa fyrst til leiðbeiningar álit vegfræðings um stefnu brautanna. Samt sem áður hafði amtsráðið ekki neitt á móti því, að afgreiða þetta erindi til landshöfðingja.

13. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 18. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Selvogshreppi fer þess á leit, að amtsráðið vilji mæla fram með því við landshöfðingja, að hann láti endurbæta sem fyrst því verði við komið, fjallveginn milli Selvogs og Hafnarfjarðar, hinn svo nefnda »Grindaskarðaveg«. Amtsráðið ályktaði, að mæla fram með beiðni þessari.
14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 18. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið vilji mæla fram með því við landshöfðingja, að hann sem fyrst orðið gæti ljeti lærdan vegfræðing skoda brúarstæði á þessum ám í sýslunni, 1. á Soginu hjá Alviðru, 2. á Brúará milli Miklaholts og Spóastada, 3. á Tungufjóti á Vatnsleysugljúfri og 4. á Hvítá á Brúarhlöðum, og gjöra áætlun um kostnaðinn við bygging brúanna.

Amtsráðið ályktaði að mæla fram með þessari beiðni.

- 131 15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, 12. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu skýrir svo frá, að nefndin verði að afsala sjer styrk þeim, sem heitið var með brjefi landshöfðingja, 4. ágúst 1892, af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Thorsteinsonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur, fyrir árin 1892—94, og sem skyldi varið til brúargjörðar á Hólmsá við austanverðan Mýrdalssand, vegna þess, að kostnaðurinn við að brúa ána mundi eptir framkomnum upplýsingum verða 8—10000 kr. Aftur á móti fer nú sýslunefndin þess á leit, að amtsráðið mæli fram með því við landshöfðingja, að styrkurinn, 300 kr., fyrir nefnd 3 ár, verði útborgaðureða veittur til þess að gjöra vegvísa á hinum villigjörnustu stöðum á Fjallabaksleið milli Skaptártungu og Landmannahrepps.

Amtsráðið ályktaði, að mæla fram með því við landshöfðingja, að þessi beiðni sýslunefndarinnar yrði tekin til greina, ef hann sæi sjer það fært, og það kæmi eigi í bága við tyrirmæli stofnskrárinnar, 27. desbr. 1888.

16. Forseti skýrði frá því, að sæluhússvörðurinn á Kolviðarhóli hefði sleppt ábúð sinni þar í hendur Guðna Þorbergssyni, og þar sem amtið ætti á Kolviðarhóli baðstofu og hesthús, sem amtsráðið hefði keypt 1889 fyrir 400 kr., hefði hann hlutast til um, að hús þessi yrðu tekin út í hendur Guðna Þorbergssyni og metin til álags. Nú væri útskrift af úttektinni eigi komin, en eptir því, sem forseti hefði spurt, væri álagið 80 kr., en húsin í mjög ljellegu ástandi. Þar sem nú amtið hefði enga skyldu til að halda uppi sæluhúsinu, og það gæti eigi orðið til annars en kostnaðar eins, að eiga þessi hús á Kolviðarhóli, stakk forseti upp á því, að amtið afsalaði sjer húsum þessum með álagi í hendur landsstjórninni, sem hefði veg og vanda af þeim vegi, sem sæluhúsið stæði við, þó að frá dregnum þeim hluta kostnaðarins, sem kynni að lenda á amtssjóði út af úttektinni.

Amtsráðið fjellst á þetta, en sá sjer aftur á móti eigi fært að veita árlegan styrk til sæluhússvarðar.

17. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 11. október f. á., þar sem hann leitar álitu sýslunefndanna í Árnes- og Rangárvallasýslu svo og amtsráðsins um, hver ákvæði um áfangastaði í nefndum sýslum mundi vera haganlegust, og enn fremur voru lögð fram álit nefndanna, sem komin voru til amtráðsins.

Amtsráðið tók því næst þetta mál til umræðu og fjellst í öllum höfuðatriðum á tillögur sýslunefndanna.

18. Forseti skýrði frá, að tekinn hefði verið til kennslu þann 1. október f. á. hjá síra Ólafi Helgasyni, heyrnar- og málleysinginn Ólafur Björnsson frá Innstavigi á Akranesi, sonur fátækra foreldra. Amtsráðið samþykkti þetta.
19. Amtsráðið ályktaði, að greiða skyldi jafnt fyrir endurbólusetningu (25 aura), sem fyrir frumbólusetningar, sem gjörður yrði reikningur fyrir eptirleidis.
20. Forseti lagði fram skýrslu um kennsluna á kvennaskólanum í Reykjavík 1894—95, prófskýrslu, og reikning fyrir 1893—94 yfir tekjur og gjöld skólans. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, samkvæmt fram lagðri bænaskrá hjer að lútandi. (Niðurl.).

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 27.—29. júní 1895.

(Niðurl.).

21. Amtsráðið tók til umræðu frumvarp til fjallskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, og staðfesti það til að öðlast gildi 1. sept. 1895.
22. Sömuleiðis staðfesti amtsráðið frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1895.  
Samt vildi amtsráðið leiða athygli sýslunefndarinnar að því, að almenn sektaákvæði vantar, en þar fyrir vildi amtsráðið eigi synja um staðfesting reglugjörðarinnar, heldur vænti það, að bætt verði úr þessu með reglugjörðarviðbót.
23. Endurskoðendur lögðu fram aptur reikninginn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1894, og var hann samþykktur án athugasemda.
24. Endurskoðendur lögðu aptur fram reikninginn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs suðuramtsins 1894 og var hann sömuleiðis samþykktur án athugasemda.
25. Enn fremur lögðu endurskoðendur fram aptur reikning yfir tekjur og gjöld leiguliðasjóðsins 1894, og var hann einnig samþykktur.
26. Endurskoðandi lagði aptur fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðsins 1894, og var hann einnig samþykktur.
27. Forseti lagði fram yfirlit yfir etnahag búnaðarskólans á Hvanneyri í fardögum 1894 með áritun amtsráðsmanns Guðlaugs sýslumanns Guðmundssonar, sem amtsráðið á fundi sínum 21.—23. júní f. á. hafði kosið til þess að endurskoða reikninga skólans, um, að hann hefði eigi furðið neitt við þá að athuga.

Forseti lagði fram skýrslu um kennslu á skólanum 1894—95, en samkvæmt henni höfðu 2 lærisveinar verið á skólanum að sumrinu, en einungis 1 að vetrinum; á skólanum eru nú 4 lærisveinar.

Þá var aptur lagður fram reikningur amtmanns yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir fardagaárið 1894—95, eða frá 1. júlí 1894 til 1. júní 1895 með tilheyrandi fylgiskjölum, og í sambandi við hann fjárhagsreikningur skólabúsins fyrir reikningsárið 1894—95 (til 20. maí 1895).

Reikningarnir voru samþykktir.

Enn fremur var lögð fram skrá yfir eignir búnaðarskólans 20. maí 1895, og skýrsla um andvirði vinnu þeirrar, sem skólabúið hefði lagt til húsaokans 1894 og sem er talið 478 kr. Samkvæmt reikningi amtmanns eru út borgaðar til húsaoka þessa 3296 kr. 7 a.; hefur þá byggingin kostað 3774 kr. 7 a., og er henni lýst í brjefi stjórnarnefndarinnar 10. þ. m., sem var

20. dag desembr.mán, 1895.

lagt fram. Amtsráðið ályktaði, að hækka ábyrgð eða váttrygging skólans upp í 8000 kr.

Forseti skýrði frá ýmsum skuldavíðskiptum skólastofnunarinnar við einstaka menn. Amtsráðið samþykkti, að veita mætti námspiltum 10 kr. styrk til bókaakaupa, og leyfði, að veita mætti allt að því 100 kr. úrsjóði Hvanneyrarkirkju til þess að koma upp tveim hliðum kirkjugjarðis úr timbri á móti líku tillagi frá söfnuðinum.

Amtsráðið gjörði enn fremur þessar ályktanir viðvikjandi skólanum:

1. að byggja skyldi nýtt fjós á Hvanneyri og heyhlöðu, og er ætlaðt á, að byggingar þessar muni kosta allt að því 2979 kr.
2. að losa skyldi handa skólabúinu kirkjujarðirnar Ásgarð og afbýlið Hamrakot frá fardögum 1896;
3. að hækka laun skólastjóra Hjartar Snorrasonar upp í 1000 kr. frá 14. maí þ. á., og var honum jafnframt falið að hafa á hendi fjárhald kirkjunnar á Hvanneyri frá fardögum þ. á. gegn 10 % innheimtulauna;
4. að fara þess á leit við alþing, að það veiti til skólans á næsta fjárhags-tímabili ríflegri styrk en að undanfögnu, vegna mikils tilkostnaðar til húsabygginga á næstliðnum 2 árum og nú á yfirstandandi ári, sem sje 5000 kr. fyrir árið 1896 og 3500 kr. fyrir árið 1897.

Amtsráðið ákvað síðan upphæðir þær, sem verja mætti til skólans á fardagaárinu 1895—96, og samdi áætlun um tekjur og gjöld hans 1895—96, en til þess að standast hinn mikla kostnað, sem amtið hefði orðið að leggja til skólans á hinum síðustu árum, var ályktað að taka 4500 kr. til láns, helzt úr landssjóði, og leita samþykkis landshöfðingja til þessarar lántöku.

Að endingu samdi amtsráðið eptirfylgjandi

### yfirlit \*

yfir efnahag búnaðarskólans á Hvanneyri í fardögum 1895.

#### Eignir:

1. Hvanneyri með kirkjujörðum, hjáleigum og ítökum . . . . .	kr. 15,700 00
2. Skólahúsið stækkað og endurbætt og önnur hús, sem ekki eru jarðarhús . . . . .	— 8,000 00
3. Lifandi peningur . . . . .	— 2,994 00
4. Jarðyrkjuverkfæri . . . . .	— 350 00
5. Bækur og kennsluáhöld . . . . .	— 116 80
	<hr/>
	Flyt 27160 80

\*) Forseti amtsráðsins hefur eptir fundinn orðið þess áskynja, að skuldir skólans eru taldar 27,252 kr. 95 a., en áttu að teljast 27,785 kr. 14 a. Skakki þessi stafar af því, að dregnar höfðu verið frá síðustu eptirstöðvum skuldanna ekki eingöngu afborganirnar upp í lánin, eins og rjett var, heldur einnig leigurnar af lánunum skólans, sem afborgast með 6 % af hinu upphaflegu upphæð lánanna í 28 ár, en eins og kunnugt er, eru afborganir upp í og leigur af slíkum lánunum greiddar í einu lagi.

	Fluttar kr.	27160 80	
6. Annað lausafje . . . . .	—	1,815 10	
7. Heyfyrningar . . . . .	—	125 00	
8. Útistandandi skuldir . . . . .	—	122 44	
9. Kirkjan á Hvanneyri . . . . .	—	3,800 00	33,023 34

## Skuldir:

1. Skuldir við landssjóð . . . . .	kr.	27,252 95	
2. Skuldir við kirkjusjóðinn . . . . .	—	1,500 00	
3. Aðrar skuldir samkvæmt skrá amtmanns- ins . . . . .	—	1,128 03	
4. Skuldir eptir skrá skólastjóra . . . . .	—	220 50	
5. Mismunur . . . . .	—	2,921 86	33,023 34

28. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1896.

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar . . . . .	kr.	1000 00	
2. Niðurjöfnun . . . . .	—	3656 00	4656 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr.	500 00	
2. Heilbrigðismál . . . . .	—	300 00	
3. Heyrnar- og málleysingjar . . . . .	—	1600 00	
4. Sáttamál . . . . .	—	10 00	
5. Kostnaður við notkun fangahússins í Vest- mannaeyjum og laun til fangavarðar við hegningarhúsið . . . . .	—	163 37	
6. Ferðakostnaður . . . . .	—	200 00	
7. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík) . . . . .	—	100 00	
8. 2 afborganir upp í og vaxtagreiðsla afláni til Öfusárbrúarinnar . . . . .	—	482 63	
9. Ýmisleg gjöld . . . . .	—	300 00	
10. Eptirstöðvar . . . . .	—	1000 00	4656 00

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofa suðuramtsins, Reykjavík, 28. júlí 1895.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 20.—22. maí 1895.

Ár 1895, mánudaginn 20. maí, var aðalfundur amtsráðs norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, umboðsmanni B. G. Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðar-